

## 155. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjölheimum 07.03.2023 kl. 16.30

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Valdimar Hafsteinsson, Hulda Kristjánsdóttir, Magðalena Jónsdóttir (í Teams) og Gils Einarsson (í Teams) og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

### 1. Fræðslustarfið á vorönn 2023

Eyjólfur fór yfir áætlað nám á vorönn. Gerður var samningur við Birtu starfsendurhæfingu vegna námsleiðarinnar Stökkpallur sem er virkniúrræði. Heldur meira í boði en verið hefur af vottuðum námsleiðum.

Undir virkninámskeiðum er námskeiðið Landneminn nýtt námskeið sem er tilkomið vegna komu flóttamanna og er það kennt á Laugarvatni í staðnámi.

Fræðsla fyrir fullorðið fatlað fólk með svipuðu sniði og verið hefur.

Fyrirtækjapjónusta að lifna við og þar eru nokkur verkefni í gangi eða að ljúka. Mikið samstarf við Markaðsstofu Suðurlands í námskeiðum sem snúa að ferðapjónustunni.

Fjölmörg íslenskunámskeið fyrir útlendinga eru keyrð á vorönn og mikil eftirspurn eftir námskeiðunum. Fræðslunetið fékk meira úthlutað en búist var við en það var tilkynnt seint og því erfitt að skipuleggja námskeiðin út frá því. Því er kennsla ekki hafin í hluta af námskeiðunum.

Námskeiðum í miðlalæsi eldri borgara eru að ljúka og námskeið í ljósmyndun er að hefjast í Hveragerði.

Raunfærnimat mikið sótt og mikil áhersla verður lögð á það áfram.

### 2. Starfsáætlun Fræðslunetsins fyrir 2023

Starfsáætlun lögð fram og kynnt fyrir stjórn en hún er einnig send til ráðuneytis. Engar athugasemdir gerðar við starfsáætlun.

### 3. Starfsmannamál

Farið yfir stöðu starfsmannamála. Framkvæmdastjóri átti fund með sveitarstjóra í Vík um stöðu starfsmannamála Fræðslunetsins þar á svæðinu.

### 4. Önnur mál

- a. Fréttir úr starfseminni. Framkvæmdastjóri flutti stjórn helstu fréttir úr starfseminni. Þann 12. febrúar lést Jón Hjartarson starfsmaður og fyrsti framkvæmdastjóri Fræðslunetsins og minntist stjórn Fræðslunetsins hans með viðeigandi hætti.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:30

*Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð*